



ORKUSTOFNUN

Vatnamælingar




**Rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga
samþykktar af Rennslisgagnanefnd
1984–2002**

**Jóna Finndís Jónsdóttir
Kristinn Einarsson**

**Unnið fyrir Landsvirkjun og
Auðlindadeild Orkustofnunar
vegna Rennslisgagnanefndar**

2003

OS-2003/044



ORKUSTOFNUN
Vatnamælingar

Verknr.: 7-640928 / 7-641928

Jóna Finndís Jónsdóttir
Kristinn Einarsson

Rennslisráðir til rekstrareftirlíkinga samþykktar af Rennslisgagnanefnd 1984-2002

**Unnið fyrir Landsvirkjun og Auðlindadeild
Orkustofnunar vegna Rennslisgagnanefndar**


OS-2003/044

Ágúst 2003

ORKUSTOFNUN – VATNAMÆLINGAR

Reykjavík: Grensásvegi 9, 108 Rvk. – Sími: 569 6000 – Fax: 568 8896
Netfang: vm@os.is – Veffang: <http://www.vatn.is>



Skýrsla nr.: OS-2003/044	Dags.: Ágúst 2003	Dreifing: <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill: Rennslisráðir til rekstrareftirlíkinga samþykktar af Rennslisgagnanefnd 1984-2002	Upplag: 50	
	Fjöldi síðna: 32	
Höfundar: Jóna Finndís Jónsdóttir Kristinn Einarsson	Verkefnisstjóri: Kristinn Einarsson	
Gerð skýrslu / Verkstig: Yfirlitsskýrsla um gagnabanka	Verknúmer: 7-640928 / 7-641928	
Unnið fyrir: Landsvirkjun og Auðlindadeild Orkustofnunar vegna Rennslisgagnanefndar		
Samvinnuaðilar:		
Útdráttur: Í þessari yfirlitsskýrslu eru fjallað um hlutverk Rennslisgagnanefndar og þær rennslisráðir sem eru í gagnabanka hennar. Raknar eru ákvarðanir nefndarinnar frá því síðasta yfirlitsskýrsla kom út um ráðir Rennslisgagnanefndar árið 1984. Fjallað er um ráðirnar og þau líkön sem liggja að baki þeim og greint frá því fyrir hvaða rekstrareftirlíkingar ráðirnar eru notaðar. Gagnabanki nefndarinnar er varðveittur á Vatnamælingum Orkustofnunar.		
Lykilorð: Rennslisgagnanefnd, rekstrareftirlíkingar, rennslisráðir, REGN	ISBN númer:	
	Undirskrift verkefnisstjóra: 	
	Yfirlit af: KE	

EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	5
2. Hlutverk Rennslisgagnanefndar	5
3. Samþykktir Rennslisgagnanefndar	7
4. Rennslisraðir til rekstrareftirlíkings	9
5. Varðveisla og afhending rennslisgagna.....	13
6. Rennslislíkön	14
6.1. HBV líkanið	14
6.2. AQUA líkan Vatnaskila	15
7. Niðurstöður.....	15
Heimildir.....	16
Viðauki A	18
Viðauki B.....	20

1. INNGANGUR

Rennslisgagnanefnd er samstarfsnefnd um samræmingu og viðhald rennslisraða sem notaðar eru til rekstrareftirlíkinga á íslenska raforkukerfinu. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar frá Landsvirkjun, Orkustofnun (Auðlindadeild og Vatnamælingar), Samorku, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og ráðgjafaverkfræðingum.

Innan verksviðs Rennslisgagnanefndar er að samþykkja nýjar rennslisraðir og gæta þess að gögnum um rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga sé vel viðhaldið, þannig að áætlanir um nýjar virkjanir séu ætíð samanburðarhæfar og hætta á ruglingi og misræmi sé sem minnst. Þessi skýrsla er gerð í framhaldi af fyrri skýrslu, „Rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga samþykktar af Rennslisgagnanefnd 1984-94” (Kristinn Einarsson 1995) og tekur á þeim breytingum sem orðið hafa frá útgáfu hennar.

Með þessu starfi Rennslisgagnanefndar og viðhaldi á gagnabanka rennslisraða er reynt að tryggja að samræmi ríki í rekstrareftirlíkingum nýrra virkjana og samanburður sé mögulegur á milli áætlana hinna ýmsu aðila. Nauðsynin á þessu ræðst annars vegar af kröfum lánveitenda um öruggan grundvöll rennslisraða og hins vegar af væntanlegum kröfum ríkisvaldsins og annarra um jafnstöðu á markaði, þegar bera skal saman tvo eða fleiri kosti á vegum óskyldra aðila.

Í þessari skýrslu er gerð er grein fyrir hlutverki Rennslisgagnanefndar og samþykktum, þ.e. hvort og hvenær Rennslisgagnanefnd hefur samþykkt rennslisraðir. Fundargerðir Rennslisgagnanefndar 1984 til 2001 liggja að baki upplýsingum um samþykktir rennslisraða en yfirlit sem gefið er í tímaröð um ákvarðanir Rennslisgagnanefndar tekur á tímabilinu 1995 til 2001.

Í kafla 4 er yfirlit um núgildandi rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga og kennistærðir þeirra, úrehtar rennslisraðir og vatnshæðarmæla sem notaðir eru í tengslum við núverandi rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga.

Gerð er grein fyrir varðveislu og afhendingu rennslisgagna í kafla 5. Að lokum eru dregnar saman niðurstöður og gerðar tillögur um endurbætur á varðveislu og upplýsingagjöf um rennslisraðir.

2. HLUTVERK RENNSLISGAGNANEFNDAR

Í fyrri skýrslu um rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga (Kristinn Einarsson 1995) er lýst tildrögum að því að Rennslisgagnanefnd var sett á laggirnar.

Skv. ákvæðum þágildandi reglugerðar um Landsvirkjun (nr. 760/1983) starfaði Samstarfsnefnd Landsvirkjunar og Orkustofnunar (í daglegu tali VÍSIS-nefnd, þar sem litið var á hana sem vísi að samstarfsnefnd). Skv. fundargerð frá 2. fundi nefndarinnar 3. febrúar 1984 var svohljóðandi samþykkt gerð undir liðnum *Rennslisraðir*:

Samþykkt var að skipa nefnd er samræmdi þessa hluti, verksvið hennar væri eftirfarandi:

- *Val á þeim stöðum sem reikna skal 14 daga rennslismeðaltöl út frá mældum gildum*
- *Yfirfara líkingar sem eru notaðar við útreikning á öðrum rennslisröðum til rekstrareftirlíkingar*
- *Gefa endanlega umsögn um hvaða raðir skuli nota hverju sinni*
- *Gæta þess að gögnum sé vel við haldið, þannig að hætta á ruglingi og misræmi sé sem minnst*

*Aðilar skipuðu eftirfarandi menn í nefndina. Frá Landsvirkjun: Elías B. Elíasson, Jan Henje. Frá Orkustofnun: Jón Ingimarsson, Árni Snorrason. Frá ráðgjafa-
verkfræðingum: Snorri P. Kjara, Vatnaskil. Starfsmaður nefndarinnar verður Kristinn Einarsson.*

Á 4. fundi VÍSIS-nefndar 18. maí 1984 var samþykkt framlögð greinargerð Árna Snorrasonar um Rennslisgagnanefnd (REGN). Þar segir í lið 2 um hlutverk REGN:

Hlutverk REGN er að samræma gerð rennslisraða fyrir rekstrareftirlíkingar raforkukerfisins. Þessu hlutverki má lýsa á eftirfarandi hátt:

1. *Velja og/eða skilgreina þá staði þar sem þarf að framleiða rennslisraðir 14 daga meðaltala*
2. *Velja og/eða skilgreina þá mælistaði er nauðsynlegir eru við framleiðslu raða skv. 1.*
3. *Fylgjast með þeirri faglegu vinnu er lýtur að bæði rennslisröðum mælistaða (daglegra gilda) svo og að 14 daga rennslisröðum virkjunarstaða.*
4. *Varðveita í gagnabanka 14 daga raðirnar ásamt þeim daglegu röðum er liggja til grundvallar.*
5. *Sjá um endurnýjun og endurskoðun gagnabankans.*

Sett var reglugerð um Orkustofnun í desember 1996 (nr. 632/1996). Í 9. grein þeirrar reglugerðar eru ákvæði um tækninefnd, sem ætlað er að vera samráðsvettvangur orkumálasviðs Orkustofnunar og orkuiðnaðarins. Tækninefndin gerði Samstarfsnefnd Landsvirkjunar og Orkustofnunar óþarfa, enda voru ákvæði um hana felld brott í nýrri reglugerð um Landsvirkjun í apríl 1997 (nr. 259/1997). Rennslisgagnanefnd hefur starfað áfram í óbreyttu formi að hlutverki sínu með vitund og vilja samstarfsaðilanna, meðan ekki er annað ákveðið í tækninefnd Orkustofnunar, þó með þeirri breytingu á aðild í anda reglugerðar um Orkustofnun, að kalla til fulltrúa frá Samorku í viðbót við fyrri nefndarmenn.

Núverandi formaður Rennslisgagnanefndar er Árni Snorrason, Vatnamælingum Orkustofnunar. Aðrir nefndarmenn eru Sveinbjörn Björnsson og Hákon Aðalsteinsson frá Auðlindadeild Orkustofnunar, Sigmundur Freysteinsson, Hannes Haraldsson og Elías B. Elíasson frá Landsvirkjun, Eiríkur Bogason frá Samorku og Snorri P. Kjara frá ráðgjafarverkfræðingum. Auk þess hefur Helgi Bjarnason hjá iðnaðarráðuneytinu verið boðaður á fundi nefndarinnar. Starfsmaður og umsjónarmaður gagnabanka Rennslisgagnanefndar er Kristinn Einarsson, Vatnamælingum Orkustofnunar.

3. SAMÞYKKTIR RENNSLISGAGNANEFNDAR

Hér fer á eftir yfirlit í tímaröð um ákvarðanir Rennslisgagnanefndar varðandi notkun rennslisraða til rekstrareftirlíkinga. Yfirlitið tekur til þeirra funda sem hafa verið haldnir frá útgáfu fyrri skýrslu (Kristinn Einarsson 1995).

24. fundur (22. nóvember 1995)

- Ákveðið var, að framleiðandi rennslisraðar til notkunar í rekstrareftirlíkingum skuli hverju sinni skila röðinni á tölvutæku formi ásamt skýrslu til Rennslisgagnanefndar.
- Ákveðið var að gera tvenns konar verkáætlun, annars vegar miðað við að bæta við t.o.m. vatnsári 1993 og skila því sem fyrst, hins vegar miðað við t.o.m. vatnsári 1994 og skila því seinna. Í báðum tilfellum skal miðað við að haga störfum þannig, að auðvelt sé að bæta við hverju nýju vatnsári. Jafnframt var Vatnaskilum falið að setja fram tímamörk vegna vinnu að rennslislíkönunum á Fljótsdals-, Þjósár- og Blöndusvæði, er tengdist framangreindum viðbótum.
- Samþykktar voru til notkunar í rekstrareftirlíkingum þær sex rennslisraðir á vatnasviði Jökulsár á Dal og Jökulsár á Fjöllum, sem lýst er í skýrslu Vatnaskila 95.18 (sjá yfirlit í kafla 6 í skýrslunni).
- Raðirnar R180 til og með R184 voru úrskurðaðar úreltar

25. fundur (15. desember 1995)

- Ákveðið var að prófa rennslisröð Ölfusár við útreikning á framleiðslugetu smávirkjana og taka ákvörðun um notkun hennar á næsta fundi. Röðin myndi þá koma í stað rennslisraðar Skógár þar sem vatnshæðarmælirinn í Skógá var mjög erfiður í rekstri.

26. fundur (6. október 1997)

- Samþykkt var að vísa nýju rennslislíkani fyrir Fljótsdalsvirkjun í prófunarkeyrslu skv. skilgreiningu Landsvirkjunar, og draga út raðir fyrir samanburð í eldri safnpunktum í því sambandi.
- Samþykkt var að nota aðferð þá sem um getur í fundargerðinni til leiðréttingar á vetrarrennslinu í Blöndu, þar til líkan fyrir rennslis til Blönduvirkjunar hefur verið endurskoðað. Lögð var áhersla á, að vinna þá endurskoðun sem fyrst.

28. fundur (13. febrúar 1998)

- Ákveðið var, að Landsteinar gerðu geri lista yfir þær raðir, sem á þyrfti að halda á næstunni, og farið yfir hvað þyrfti að gera til að lengja þær til og með vatnsárinu 1993. Allar mældar raðir verði settar inn í rennslisgrunninn til og

með vatnsári 1996 og öll ný vinna miðist við þau tímamörk, en eldri raðir verði framlengdar alla vega til 1993 og keyrslur gerðar miðað við vatnsárin 1950 til 1993. Sérstakur samanburður verði gerður á Þjórsár/Tungnársvæði til og með 1988 til að fá áhrif nýrra raða ein og sér.

- Samþykkt var að taka inn í rennslisgrunninn röð Ölfusár eftir uppfærslu með nýjum rennslislykli til að líkja eftir orkuvinnslugetu smávirkjana, ásamt rennslisröðum fyrir Skaftá við Sveinstind og innrennsli í Langasjó, sem Vatnaskil höfðu reiknað fyrir Orkustofnun með NAM2-líkani.
- Nafn raðarinnar R192 var ákveðið: *Innrennsli í Hölknarlón*.

30. fundur (17. júlí 1998)

- Rennslisgagnanefnd samþykkti nýtt rennslislíkan Vatnaskila af Þjórsár/Tungnaárvæðið og raðir skv. því til notkunar í rekstrareftirlíkingum.
- Felld var niður rennslisröð með ísrennsli við Búrfell, eftir tilkomu Sultartangavirkjunar.
- Ákveðið var að setja viðaukabókstafinn A á númer rennslisraða þar sem það á við, fyrir uppfærðar og framlengdar raðir til 1993, að því tilskildu að það væri tæknilega mögulegt í forritum fyrir rekstrareftirlíkingar hjá bæði Landsteinum og Landsvirkjun að nota slíka númeragjöf.

31. fundur (27. maí 1999)

- Samþykkt var nýtt rennslislíkan Vatnaskila af Blöndu og Vestari Jökulsá og rennslisraðir skv. því til notkunar í rekstrareftirlíkingum. (Skýrsla Vatnaskila nr. 99.02 Blanda og Vestari Jökulsá. Rennslislíkan)

33. fundur (23. janúar 2001)

- Líkan fyrir vatnasvið Neðri-Þjórsár milli Búrfells og Urriðafoss ásamt rennslisröðum skv. því var samþykkt til notkunar í rekstrareftirlíkingum.

34. fundur (26. apríl 2002)

- Líkan fyrir vatnasvið Þjórsár- Tungnaár niður að Urriðafossi var samþykkt til notkunar í rekstrareftirlíkingum.
- Samþykkt var að nota raðir vatnsáranna til og með 2000 í orkureikningum og taka tillit til rennslis 29. febrúar, 30. ágúst og 31. ágúst.

Í töflu 1 í viðauka B er gefið yfirlit um hvort og þá hvenær, hinar einstöku rennslisraðir sem nú eru í gagnabanka Rennslisgagnanefndar hafa verið samþykktar af Rennslisgagnanefnd. Alls er hér um að ræða 88 raðir en þar af eru tæplega 20 raðir ósamþykktar. Þær raðir sem ekki hafa verið samþykktar af nefndinni hafa einungis verið notaðar í forathugunum.

4. RENNSLISRAÐIR TIL REKSTRAREFTIRLÍKINGA

Í töflu 2 í viðauka B er gefið yfirlit um rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga ásamt tilvísunum í heimildir. Tekið er fram hvort verið sé að nota þær í núverandi athugunum, en upplýsingar um það fengust hjá Magnúsi Sigurðssyni hjá Verkfræðistofunni Landsteinum.

Hér fara á eftir upplýsingar um rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga, þar er gerð grein fyrir hvaða líkan stendur á bak við rennslisraðirnar.

Raðir **R101-R113** eru frá Verkfræðistofunni Vatnaskilum. Raðirnar eru skv. rennslislíkani fyrir Þjórsár- Tungnársvæði sem var samþykkt til notkunar í rekstrareftirlíkingum af Rennslisgagnanefnd á 34. fundi. Líkanið gerir ráð fyrir föstum jöklum, engu Heklugosi og engum lónum. Vatnaskil (2002).

R116-R117 eru rennslisraðir til notkunar í rekstrareftirlíkingum virkjanakerfis Landsvirkjunar á vatnasvæði Blöndu. Rennslislíkanið var endurgert af Vatnaskilum (1999) og tekur til vatnasvæða Blöndu og Vestari-Jökulsár, það var samþykkt til notkunar í rekstrareftirlíkingum á 31. fundi nefndarinnar.

Raðir **R122-R123** eru reiknaðar hjá Vatnaskilum. Þær eru skv. eldri rennslislíkönunum á vatnasviðum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, og voru ekki endurskoðaðar í rennslislíkani II fyrir Fljótsdalsvirkjun. (Vatnaskil 1996a)

Raðir **R126-R128** eru upprunnar á Orkustofnun, Vatnamælingum. Þær byggja á mældu rennsli. Hvað varðar R126, Laxá í Aðaldal við Birningsstaðasög, hefur ekki verið unnið úr gögnum þess vatnshæðarmælis, vhm 32, á síðari árum þar sem ekki hefur verið samið um rekstur hans eftir 1996. Frumgögn til þess eru þó fyrir hendi.

R130 er reiknuð á Verkfræðistofunni Landsteinum skv. gefnum forsendum um uppsettar jarðgufustöðvar.

R131 er gerð á grundvelli gagna frá Veðurstofu Íslands um sólarhringsmeðalhita í Reykjavík. Tímaröðin er notuð til að meta áhrif veðurfars á eftirspurn almennings eftir raforku.

Raðir **R133-R136** eru líkt og raðir R101-R115 skv. rennslislíkani Vatnaskila fyrir Þjórsár- Tungnársvæðið (Vatnaskil 2002).

R137-R138 eru rennslisraðir fyrir Skaftá við Sveinstind og innrennsli í Langasjó. Þær eru reiknaðar með NAM2 líkani en án AQUA líkans hjá Vatnaskilum (1996b, 1996c) og samþykktar af nefndinni á 28. fundi.

R141-R148 eru reiknaðar af Vatnaskilum (2001a) fyrir Orkustofnun. Þetta eru rennslisraðir frá líkani Vatnaskila, aðliggjandi líkan við Austurlandsvirkjun Rennslislíkan II, sem nær til Jökulsár á Fjöllum, Mývatns / Laxár og Skjálfandafljóts. Raðirnar eru til notkunar við virkjanaathuganir á vatnasviði Skjálfandafljóts.

R151-R152 eru líkt og R116-R117 rennslisraðir skv. rennslislíkani sem reiknað var af Vatnaskilum og tekur til vatnasvæða Blöndu og Vestari-Jökulsár.

Raðir **R153-R156** eru allar reiknaðar skv. HBV-líkönnum á Vatnamælingum Orkustofnunar.

Raðir **R157-R159** og **R161** eru líkt og R116-R117 skv. rennislíkan Vatnaskila af vatnasvæðum Blöndu og Vestari-Jökulsár.

R160, R162, R163 eru reiknaðar skv. HBV-líkönnum á Vatnamælingum Orkustofnunar.

Raðir **R164-R167** eru skv. endurskoðuðu rennislíkan Vatnaskila á vatnasviðum fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar, Rennislíkan II (Vatnaskil 1996a). Rennslisráðirnar voru samþykktar af Rennslisgagnanefnd á 26. fundi.

R168 og **R172** eru rennslisráðir frá líkani Vatnaskila sem nær yfir vatnasvið Neðri-Pjósár milli Búrfells og Urriðafoss (Vatnaskil, 2001b). Þær voru samþykktar af nefndinni á 33. fundi.

Rennslisröðin **R169** er líkt og R116-R117 skv. rennislíkan Vatnaskila af vatnasvæðum Blöndu og Vestari-Jökulsár.

Fyrir röðina **R171** þarf að keyra aftur fyrirbyggjandi HBV-líkan Vatnamælinga Orkustofnunar til að brúa og bæta við melda röð vhm 83, Fjarðará, Seyðisfirði, við Neðri Staf.

Röðin **R175** þarfnast framlengingar, rennslisröð Miðhúsaár, vhm 47, endar árið 1989 þegar rekstri vatnshæðarmælisins var hætt. Á döfinni er að gera þar HBV-líkan vegna endurmats á afrennsli og vatnsorku.

R184 er rennslisröð Bessastaðaár reiknuð af Vatnaskilum. Við ákvörðun á rennslinu var beitt Rennislíkan II frá 1996 fyrir Fljótsdalsvirkjun (1996b). Með viðbótum sem lýst er í skýrslu Vatnaskila (2000).

Rennslisráðirnar **R185-187, R192-R193** og **R198** eru frá Rennislíkan II, Austurlandsvirkjun (Vatnaskil 1995). Rennslisráðirnar voru samþykktar til notkunar við rekstrareftirlíkingar á 24. fundi nefndarinnar.

R194-R197 eru frá líkani Vatnaskila fyrir Fljótsdalsvirkjun, Rennislíkan II, (Vatnaskil, 1996b). Þær voru samþykktar á 26. fundi Rennslisgagnanefndar.

R200-R203 eru frá líkani Vatnaskila af Skaftárvæðinu.

R204 er frá Orkustofnun, Vatnamælingum. Röðin byggir á mældu rennsli Ölfusár við Selfoss, vhm 64. Hún er notuð til eftirlíkingar á rekstri smávirkjana.

R205-R207 eru líkt og R184 skv. viðbótum Vatnaskila við líkan fyrir Fljótsdalsvirkjun (1996b). Viðbótunum eru gerð skil í skýrslu Vatnaskila, Bessastaðaá og Vatnadæld, Rennislíkan (2000).

R208-R210 eru reiknaðar skv. HBV-líkönnum á Vatnamælingum Orkustofnunar. Raðirnar R209 og R210 ná einungis frá árinu 1961 vegna skorts á veðurgögnum.

R211 er rennslisraðir frá líkani Vatnaskila sem nær yfir vatnasvið Neðri-Þjórsár milli Búrfells og Urriðafoss (Vatnaskil, 2001b).

R212 er rennslisröð fyrir Kverká á Brúaröræfum, röðin er frá Vatnaskilum.

R213 er líkt og R116-R117 frá rennslislíkani sem var endurgert af Vatnaskilum (1999) og tekur til vatnasvæða Blöndu og Vestari-Jökulsár. Þessi röð var reiknuð vegna lágrenslisspár.

R214 er frá Rennslislíkani II, Austurlandsvirkjun, Vatnaskila (1995). Röðin var reiknuð vegna lágrenslisspár.

R215-R218 voru reiknaðar á Orkustofnun, Vatnamælingum út frá R172, R213, R214 og vhm 30, vhm 54 og vhm 110. Raðirnar voru reiknaðar vegna lágrenslisspár.

R219 er rennslisröð fyrir Laxá í Aðaldal við Birningsstaðasög skv. líkani Vatnaskila. Til er mæld röð fyrir sama stað, sjá R126.

R220-R221 eru reiknaðar skv. HBV-líkönunum á Vatnamælingum Orkustofnunar, þetta eru virkjanaraðir fyrir Hvalá í Ófeigsfirði vegna rammaáætlunar.

R222 og **R224** eru reiknaðar skv. HBV-líkönunum á Vatnamælingum Orkustofnunar.

R223 er skv. bráðabirgða líkani Vatnaskila af vatnasviði Hverfisfljóts.

R225-R226 eru skv. rennslislíkani Vatnaskila fyrir Þjórsár- Tungnársvæðið (Vatnaskil 2002).

R227-R244 eru reiknaðar fyrir Glámuhálendi skv. HBV-líkönunum á Vatnamælingum Orkustofnunar. Raðirnar ná einungis frá árinu 1961 vegna skorts á veðurgögnum.

R245 er reiknuð röð Vatnaskila fyrir Skaftárveitu um Langasjó.

Allar raðir á Þjórsársvæðinu ofan Sultartanga og Búrfells voru áður hlutsvæði upp að næsta safnpunkti en eru nú (Vatnaskil 2002) með vatnasvið alls svæðisins ofan viðkomandi safnpunkts.

Á mynd 1 í viðauka A er kort með safnpunktum rennslisraða auk þeirra vatnasviða rennslisraðanna sem skilað hefur verið inn í gagnabanka Rennslisgagnanefndar.

Í töflu 3 í viðauka B er gerð grein fyrir kennistærðum rennslisraða Rennslisgagnanefndar. Mikilvægt er að þessi gögn fylgi röðunum til að fyrirbyggja misskilning og rugling á röðum. Þær upplýsingar sem koma fram í töflunni eru meðalrennslisraðarinnar, stærð vatnasviðs, hnit safnpunkts í landshnitakerfinu (Lambert Ísnet 93) og lengd raðarinnar. Rennslisraðir hafa verið framlengdar til loka vatnsárs 2000 (31. ágúst 2001).


Í töflu 4 í viðauka B er listi yfir þær rennslisraðir sem eru úreltar og ástæður þess að þær eru úreltar.

Á mynd 1 og í töflu 5 í viðauka B er yfirlit yfir þau rennslislíkön sem gerð hafa verið. Í töflunni er gerð grein fyrir hvaða raðir Rennslisgagnanefndar byggja á líkönunum og hvaða vatnshæðarmælar í rekstri Vatnamælinga Orkustofnunar og Landsvirkjunar mæla

vatnshæð eða afrennsli frá vatnasviðum líkananna og fyrirsjáanlegt er að þörf verði fyrir við endurskoðun raðanna. Þessi notkun skiptist í:

- Bein not á mældu rennsli eða vatnshæð
- Til aðlögunar á rennslislíkönum
- Til staðfestingar og fínstillingar á rennslislíkönum
- Óbein not á mældu rennsli (rennsliseinkenni flutt milli vatnasviða)

Upplýsingar um númer og hnit þeirra vatnshæðarmæla sem eru notaðir við gerð líkans ættu að fylgja rennslisröðunum þegar þær eru sendar í gagnabankann.



Mynd 1. Vatnasvið rennslislíkana

Rennslisraðirnar eru geymdar sem dagsgildaraðir en hingað til hafa 14d raðir verið mikið notaðar við rekstrareftirlíkingar. Misræmi hefur verið í því hvernig 14d raðir eru leiddar af dagsgildum, þar voru áður þrjú kerfi í gangi. Með samráði Vatnamælinga Orkustofnunar, Landsteina og Vatnaskila var þetta samræmt í eitt kerfi, sú ákvörðun var staðfest af Rennslisgagnanefnd á 34. fundi hennar.

- Notað er kerfi þar sem engu er fleygt heldur er rennsli 31. ágúst bætt við safnrennsli í 2ja vikna tímabili nr. 26 og rennsli 29. febrúar bætt við það tveggja vikna tímabil sem hann lendir á.
- Í öðru þeirra kerfa sem áður var notað var rennsli 31. ágúst fleygt og einnig rennsli 30. ágúst væri hlaupár.
- Í elsta kerfinu var rennsli 31. ágúst og 29. febrúar fleygt.

5. VARÐVEISLA OG AFHENDING RENNSLISGAGNA

Rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga eru varðveittar tryggilega hjá Vatnamælingum Orkustofnunar og afgreiddar þaðan til notenda eftir þörfum. Tímaraðir mæligagna og líkanniðurstaðna eru geymdar á sama hátt og á sama stað, þótt aðgreindar séu. Afrit eru tekin reglulega af tölvukerfi Orkustofnunar skv. áætlun þar um og nýleg heildarafrit ætíð geymd í bankahólfu.

Gagnageymsla tímaraða hjá Vatnamælingum er í yfirgangsfasa milli eldra kerfis sem kennt er við ALVATN og nýs kerfis sem kennt er við GALVOS (Gagnavinnslukerfi Landsvirkjunar og Orkustofnunar). Rétt er að lýsa báðum kerfunum, ásamt inntaki og úttaki þeirra í meginráttum, svo og skilfletinum við Orkulíkan Landsvirkjunar

Grunneining ALVATN kerfisins er skrá dagsgilda frá einu almanaksári úr einum vatnshæðarmæli. Nafn skrárinnar segir til um númer vatnshæðarmælis (5 stafa tala) og árið (2ja stafa tala, 2000-vandinn er leystur með röð bókstafa, $a_0=2000$, $b_0=2010$ o.s.frv.). Geymd er vatnshæð í cm, rennsli í m^3/s (með tveimur aukastöfum) og athugasemd fyrir hvern dag. Eyður eru fylltar með -999. Grunnskráin er ekki forsniðin til að spara geymslurými. Safn sérsníðaðra forrita, sem nú eru keyrð á Unix-kerfi, viðheldur gagnageymslunni og sér um inntak og úttak. Þar á meðal eru forrit sem reikna út 2ja vikna vatnsársgildi í einingunni Gl/2 vikur. Númeraröð vatnshæðarmæla frá 90000 til 90999 er frátekin fyrir tímaraðir Rennslisgagnanefndar, og svarar vhm númerið 90101 til rennslisraðar R101, o.s.frv.

Auðvelt er að taka við gögnum um daglegt rennsli inn í kerfið og afgreiða aftur í hvaða formi sem er, og eru forsniðnar "textaskrár" notaðar sem millistig. Hins vegar henta 2ja vikna gildi með einingunum Gl/2 vikur eða m^3/s ekki til geymslu í ALVATN, og hafa tímaraðir með því tímaskrefi því verið varðveittar á sérstökum stað í því formi sem þær komu upphaflega, og eru þær afgreiddar ýmist í upphaflegu eða í öðru hentugu formi, t.d. sem textaskrár. Orkulíkan Landsvirkjunar hefur tekið við vatnsársrennslisgögnum með einingunni Gl/2 vikur, en líkanstærðin sem notuð er við útreikninga er m^3/s að meðaltali yfir 2 vikur. Einnig er hægt að nota m^3/s að meðaltali yfir eina vatnsársviku. Nýlega var ákveðið að nota framvegis eininguna m^3/s fyrir þau gögn, sem afgreidd eru úr geymslu til notkunar í orkulíkaninu.

Nýtt gagnavinnslukerfi Landsvirkjunar og Orkustofnunar (GALVOS) tekur til 1) varðveislu hliðlægra gagna um mælistaði og mælakerfi, 2) útreiknings rennslismælinga, 3) móttöku, villuleitar og varðveislu frumgagna og 4) úrvinnslu og varðveislu tímaraða. Þessar tímaraðir geta ýmist verið tengdar frumgögnum frá mælistöðum og verið partur af úrvinnsluferli þeirra eða byggst á utanaðkomandi tímaröðum, t.d. vatnshæðar- og rennslisröðum frá vatnshæðarmælum ættuðum úr eldra kerfi eða veðurgögnum frá Veðurstofu Íslands. GALVOS kerfið er enn í þróun, og eru liður 1 og 2 fullprófaðir og villulausir, liður 3 í daglegri notkun en villur enn fyrir hendi, og liður 4 í prófunarfasa.

Prófun hefur farið fram á tímaraðavinnslu GALVOS kerfisins og inntaki og úttaki þessa hluta kerfisins vegna þarfa Rennslisgagnanefndar til að meta hæfni kerfisins sem framtíðar gagnageymslu fyrir rennslisraðir til rekstrareftirlíkinga. Einnig hefur nauðsynlegri forritunavinnu vegna inntaks tímaraða, sem ekki tengjast frumgögnum GALVOS kerfisins, verið forgangsraðað og flýtt af sama tilefni. Sérstök athugun var

gerð á hæfni kerfisins til að reikna á réttan hátt viku og 2ja vikna gildi á vatnsársgrunni út frá dagsgildum rennslis. Í kjölfar þessara prófana á tímaraðahluta GALVOS kerfisins virðist ljóst að það henti vel sem gagnageymsla fyrir rennslisráðir til rekstrareftirlíkinga og að það geti framleitt á réttan hátt út frá dagsgildum, og/eða geymt, viku og 2ja vikna gildi á vatnsársgrunni. Einnig er að nýju kominn skriður á þróun kerfisins og lagfæringar á agnóum þess.

Allar upplýsingar um mælistaði, mælitæki og staðsetningu á gagnaskrárm í GALVOS kerfinu eru geymdar í sérhönnuðum töflum í Oracle gagnagrunni. Tímaraðirnar sjálfar eru geymdar í gagnaskrárm á netCDF formi (network Common Data Form). Það form innifelur aukið öryggi, þar sem í haus skrárinnar eru geymdar allar helstu upplýsingar um gögnin sem á eftir fylgja. Skrárvinnslan er einnig hraðvirk og gögnin taka lítið pláss. Þetta skrárform var skilgreint í Bandaríkjunum fyrir einum áratug og er mikið notað við geymslu og millifærslu á umfangsmiklum og flóknum gagnaskrárm, svo sem niðurstöðum veðurfarslíkana og mæligögnum frá gervihnöttum. Auðvelt er að búa til “textaskrár” til að skoða innihaldið í netCDF tímaraðaskrárm og fá úttak til að færa gögn á milli kerfa. Meðal þess sem bæta þyrfti við GALVOS kerfið vegna rennslisráða til rekstrareftirlíkinga er skilgreining á knippi rennslisráða („rennslisráðasett”), í samræmi við framsetningu ráða í hinu nýja orkulíkani Landsvirkjunar.

Hliðlægar upplýsingar, þar með talin vatnasvið ráðanna, eru geymdar í Oracle gagnagrunni sem tengdur er við landfræðileg upplýsingakerfi. Þar hefur opnast möguleiki til að gefa fjölbreytilegar kortrænar upplýsingar um rennslisráðir til rekstrareftirlíkinga og tengja þær við vatnakerfi og virkjanakerfi landsins.

6. RENNSLISLÍKÖN

Við hönnun og rekstrareftirlíkingar virkjana þarf á rennslisröðum að halda sem allar spanna sama tímabil og endurspegla þar að auki náttúrulegt rennsli. Til að ná því marki þarf að lengja margar rennslisráðir, og er það gert með aðstoð vatnafræðilegra líkana.

Vatnafræðileg líkön eru aðallega unnin hjá tveimur aðilum eins og stendur. Hjá Verkfræðistofunni Vatnaskilum eru reiknaðar rennslisráðir með NAM2 og AQUA líkönum. Síðarnefnda líkanið er einnig notað sjálfstætt til ýmissa grunnvatnsreikninga. Vatnamælingar Orkustofnunar nota svo HBV líkanið til að reikna rennslisráðir, en það er hliðstætt við NAM2 líkanið og með mjög svipaða uppbyggingu.

Á mynd 5 var yfirlit yfir þau svæði sem rennslislíkön Vatnaskila og Vatnamælinga ná til. Eins og sjá má ná líkön Vatnaskila til meginhluta eldvirka beltisins, þar sem jarðlög eru lekust og grunnvatn jafnvel yfirgnæfandi í rennsli einstakra vatnsfalla.

6.1. HBV líkanið

HBV reiknilíkanið líkir eftir afrennsli af vatnasviði út frá gögnum um sólarhringsúrkomu og sólarhringsmeðalhita. Líkanið er það sem kallað hefur verið „hálf ákvarðanlegt“, þ.e. einföld sambönd eru notuð til að líkja eftir flóknu samspili margra mismunandi þátta í náttúrunni. Vatnamælingar nta s.k. „KARMEN“ útgáfu, sem þróuð

var af Norges vassdrags- og energidirektorat (NVE) í samvinnu við Óslóarháskóla (Sælthun, 1996).

Yfir 100 óháðir stuðlar koma við sögu þegar úrkomu er breytt í afrennsli í líkaninu. Þeir eru ákvarðaðir með „trial and error“ aðferð, þ.e. stuðlunum er gefið eitthvert gildi sem talið er líklegt að sé rétt og líkanið er keyrt fyrir eitthvert fyrirfram ákveðið tímabil. Fylgni reiknaðs og mælds rennslis á tímabilinu er athuguð, bæði með aðstoð línurita og fylgnistuðla og leikurinn er endurtekinn uns fylgnin er orðin viðunandi. Ákvörðun líkanstuðlanna er mikilvægasti en jafnframt erfiðasti og tímafrekasti hluti líkangerðarinnar. (Gunnar Orri Gröndal, 2000c).

6.2. AQUA líkan Vatnaskila

